



Birgir Kjaran.

Í RITID SKRIFAR:

Birgir Kjaran er fæddur 13. júní 1916 í Reykjavík. Foreldrar Magnús Kjaran stórkaupmaður og kona hans Soffía Kjaran. Stúdent frá M. R. 1935. Hagfræðipróf frá háskólanum í Kiel haustið 1938. Framhaldsnám við London School of Economics veturinn 1939. Skrifstofustjóri hjá Shell hf. á Íslandi 1940—'46. Forstjóri við Heildverzlun Magnúsar Kjaran frá 1946. Forstjóri Bókfellsútgáfunnar hf. frá 1944. Átti sæti í Fjárhagsráði. Í bankaráði Landsbanka Íslands um skeið. Formaður í bankaráði Seðlabanka Íslands. Form. stjórnar Flugfélags Íslands hf. frá 1965. Í stjórn Elmskipafélags Íslands hf. frá 1952. Hefur átt sæti í Verzlunarráði og Menntamálaráði. Á sæti í bókmenntaráði Almenna bókafélagsins og er formaður Náttúruverndarráðs. — Birgir var formaður Landsmálafélagsins Varðar 1952—'55 og form. iður Fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík 1955—'63. Hann átti sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 1950—'54 og alþingismaður fyrir Reykjavík 1959—'63. Hann hefur ritað mikið um hugðarefni sín, einkum um stjórnmál, og mál er lúta að náttúru landsins og náttúruvernd.

STEFNIR

tímarit um þjóðmál og menningarmál

Útgef.: Samband ungra Sjálfstæðismanna
Valhöll - Reykjavík

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
HÖRÐUR SIGURGESTSSON

Stjórn S.U.S.: Árni Grétar Finnsson, formaður, Birgir Ísl. Gunnarsson, 1. varaformaður, Sigfús Johnsen, 2. varaformaður, Bjarni Beinteinsson, ritari, Þórir Einarsson, gjaldkeri, Halldór Blöndal, Hörður Sigurgestsson, Jón E. Ragnarsson, Kristinn Ragnarsson, Kristján Guðlaugsson. Lárus Jónsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Ragnar Kjartansson, Sigurður Hafstein, Styrmir Gunnarsson.

Ritnefnd Stefnis: Hörður Sigurgestsson, Hörður Einarsson, Þór Whitehead.

Kápu teiknaði Torfi Jónsson.

Afgreiðsla Stefnis er í Sjálfstæðishúsinu, Reykjavík.

Borgarprent - Reykjavík.

Meginefni þessa heftis af STEFNI er grein eftir Birgi Kjaran, hagfræðing, er ber nafnið Jón Sigurðsson — Brot úr lífssögu. Er í þessari grein veitt ýtarlegt yfirlit yfir persónusögu Jóns Sigurðssonar, og er þar einkum stuðzt við samtímaheimildir. Bætir þessi yfirgripsmikla grein úr skorti á handhægu og aðgengilegu yfirliti yfir lífsferil þessa mikilhæfa stjórnmálaskörungs.

Hefir STEFNIR í hyggju á næstunni að birta fleiri slík yfirlit um lífsferil og starf mikilhæfra og stórbrotinna stjórnmálaskörunga íslenskra.

Undirbúningi að þriðja hefti þessa árgangs er vel á veg komið, og mun það koma út í næsta mánuði. Meðal efnis í því hefti verður grein eftir Styrmí Gunnarsson um húsnæðisvandamálin, einkum frá sjónarhóli unga fólksins; grein eftir Grétar Br. Kristjánsson um myndun loftferðaréttar og gerð loftferðasamninga; grein eftir André Vincent, franskan hagfræðing, er ber nafnið Fjögur hættuútmabil og einnig myndafrásögn af starfsemi Evrópuráðsins.

Ritnefnd STEFNIS væri þökk í því, ef lesendur tímaritsins dræpu niður penna og sendu henni álit sitt og óskir um efni blaðsins í framtíðinni. Gæti það orðið þýðingarmikill stuðningur í því að gera ritið sem bezt úr garði og mæta áhugasviðum sem flestra aðila.



Jón Sigurðsson.

Jón Sigurðsson - Brot úr lífssögu

I

Það er vandi að rekja sögu Jóns Sigurðssonar í stuttu máli, svo að meginatriðin verði ljós og jafnframt sem fæstu ofaukið. Raunar er það alger ofraun í einni tímaritsgrein, enda verður söguþráðurinn hér vafalaust hnökróttur og bláþræðir á frásögninni.

Ef vel ætti að vera, nægir heldur ekki til viðhlítandi skilnings og túlkunar á Jóni Sigurðssyni og starfi hans að einblína á hann sem einstakling og einangrað fyrirbæri, heldur þarf að skoða fyrirrennara hans í sjálfstæðis- og viðreisnarbaráttunni, kanna þann jarðveg, sem hann er sprottinn upp úr. Einnig þarf að líta á störf hans og skoðanir í ljósi Danmerkursögunnar og hafa hugfast, að viðhorf hans voru mótuð af þeim þjóðfélagshreyfingum, sem fóru sem eldur í sinu um Evrópu og Nýja heiminn á 19. öld. Hugurheimur hans var rófastur í íslenzkri mold, en gróðrarskúrunum, sem ollu hinni einstæðu frjósemi, fylgdu þeyvindar af hafi umheimsins. Og fyrirrennarar hans í brautryðjendahópnum íslenzka höfðu hver með sínum hætti hafið undirbúning hinnar íslenzku jarðyrkju.

Eggert Ólafsson, glæsímennið, fræðimaðurinn frábæri, var ef til vill síðasti aðalsmaðurinn hérlandis í gömlum stíl. Hann unni landi sínu hugástum og vildi framfarir þjóðinni til handa, en hann var síður en svo uppreisnar-

maður gegn dönsku krúnunni. Hann vildi fyrst og fremst styðja dönsk yfirvöld til góðra verka á Íslandi.

Skúli Magnússon var miklum mun nær nýja tímanum. Hann leit lítt um öxl, heldur í hvívetna beint fram á við. Og svo hátt horfði hann og kappið slíkt, að honum sást yfir vegartálm-anirnar og varð því stundum fótaskortur. Hann var uppreisnarmaður, kannske ekki gegn dönsku konungi, en gegn danska valdinu, kaupmannavaldinu á Íslandi. Skoðanir hans mótuðust að litlu leyti af fræðum og lesningu, en fyrst og fremst af harðri, raunsærri lífsreynslu og svo eðli hans og uppruna: íslenzkum þráa og andúð á að hlíta þegjandi harðri hendi. Ógleymt skyldi og íslenzkri þjóð vökult starf Jóns Eiríkssonar, vinar hans, og lægni þess ágæta manns við að gæta hagsmuna Íslands gagnvart hirð og hans ríkilátu ráðherrum.

Baldvin Einarsson mundi fyrsti stjórnálmamaðurinn, sem þjóðin eignaðist í sjálfstæðisbaráttu sinni. Hann var í senn hugsjónamaður og talsmaður verklegra framfara.

Fjölnismenn voru fyrst og fremst rómántískir menningarlegir frelsisunnendur og bylt-ingarmenn. Að fráskildum Tómasi Sæmundssyni höfðu þeir einkum áhrif á sviði íslenzkra bókmennta. Þeir höfðu dregið að sér andrúmsloft Júlíbyltingarinnar, en samt urðu þeir aldrei uppreisnarleiðtogar fólksins. Þeir gáfu

þjóðinni nýtt og fagurt lesmál og sígild hvatningarljóð, en lengra náðu ekki tengsl þeirra til alþýðu manna, enda féll sá þeirra fyrst frá, sem mesta hafði hæfileikana til þjóðarforustu. Og svo var það Magnús Stephensen, það löngum vanmetna mikilmenni íslenzkrar sögu. Þótt honum léti lítt að skrifa þannig, að hann fengi hrifið íslenzka alþýðu, þarf ekki að efa, að hinum fjölhæfa foringja Jóni Sigurðssyni hafi fljótlega orðið ljóst, hvert starf Magnús vann fyrir Íslendinga á neyðarárum, allt frá Móðuharðindum til loka Napóleonsstyrjaldanna, hver áhrif hann hafði á íslenzkt réttarfar og hve glöggskyggn hann var á þær nýjungar í atvinnu- og viðskiptamálum Vesturlands, sem vörpuðu nýju ljósi yfir þarfir Íslendinga og möguleika til úrlausnar. Allir áttu þessir brautryðjendur því sinn þátt í að plægja þann akur, sem Jón Sigurðsson síðar sáði í.

2

Hverfum nú að söguefninu:

Það er anno 1811.

Friðrik sjötti er konungur í Danaveldi, hefur raunverulega stjórnað þar frá því 1784, en þá varð hann ríkisstjóri í tíð föður síns, Kristjáns VII., en krýndur kóngur hefur hann aðeins verið frá því 1808. Friðrik sjötti hefur víst ekki verið neitt stórmenni fremur en ýmsir af þeirri ætt. Að minnsta kosti hafa íslenzkir sagnfræðingar ekki hlaðið hann lofi. Klemenx Jónsson segir einhvers staðar um hann:

„Þá sat að ríkjum í Danmörku Friðrik konungur sjötti, góðlyndur maður, en nauða vitgrannur.“

Heldur gefur Þorkell prófessor Jóhannesson honum skárri einkunn, er hann segir:

„Í innsta eðli sínu var Friðrik konungur maður einþykur og tortrygginn eins og forfeður hans sumir, en jafnframt var hann hinn

mesti vinnuþjarkur og mjög skyldurækinn.“

Þannig er þessum einvaldskóngi yfir Íslandi lýst.

Úti hér fóru svo umboðsmenn hans með æðstu völd í hans nafni, vitandi það, að þeirra framgangur var kominn undir kóngsins mekt. Á æðstu landstjórn var um þessar mundir nokkuð óvenjulegur og annarlegur háttur. Eftir Jörundar-ævintýrið höfðu þeir Stephensenar, Magnús og Stefán Stephensen, verið teknir allhastarlega og ómaklega í karphúsið og sviptir stiftamtmansembættinu, sem þeir höfðu farið með í Napóleonsstríðinu, samkvæmt samningi við þá brezku. Vald þetta hafði Trampe greifi fengið í hendur nefnd, sem í áttu sæti Stefán amtmaður Þórarinsson, Ísleifur Einarsson yfirdómari og Rasmus Frydensberg landfógeti. Síðar var bætt í nefndina Jóhanni Carli Thuerecht von Castenskiöld, 23 ára gömlum hirðjúnkara, sem samtímis var skipaður amtmaður til suðuramtsins.

Um þessar mundir var hart árferði á Íslandi og óáran margvísleg. Dýrtið var hroðaleg vegna verðfalls peninga, skortur á innlendri vöru og enn meiri á erlendum varningi — vegna siglingarteppu. Svo mikill var matarskorturinn, að sleppa varð öllum tugthúslimum í Reykjavík, 39 að tölu, úr betrunarhúsinu, vegna þess að ekki var talið forsvaranlegt að láta þá hungra þar, og slík voru peningavandræðin, að ekki var hægt að halda uppi eina barnaskóla landsins, að Hausastöðum í Gullbringusýslu. Var hann í þann mund að geispa golumni. Þær eru líka ófagrar lýsingarnar, sem erlendir ferðalangar og menntamenn gefa af höfuðstaðnum í þá tíð. Þeim fannst vissulega ekki hátt risið á Reykjavík, Bretunum Hooker og Mackenzie. Þar varð að skjóta fram svolitilli flotbryggju, svo að þeir kæmust á land úr skipsbátunum, því höfn eða bólverk voru engin. Í fjöru stóðu heldur ótútlegir karlar og sníktu af þeim tó-

bakskorn í nefið. Yfir landslýðnum dómíneruðu þá ekki svo mjög Danir, heldur miklu fremur enskir kaupmangarar, sem beittu landsmenn yfirgangi og voru hofmóðugir í versta lagi. — Peningar sáust yfirleitt ekki, því að silfurspesiurnar voru ýmist horfnar til útlanda eða geymdar á kistubotni. Þannig var umhorfs í Reykjavík á því herrans ári 1811.

3

En víkjum nú sögunni vestur á firði, í Arnarfjörð, sem er þriðji syðsti fjörðurinn vestavert á Vestfjarðarkjálka og annar dýpsti fjörður þar um slóðir í land inn. Prestsetrið Hrafnseyri á norðurströnd fjarðarins, nokkru innar en miðja vegu á yzta nesi í fjarðarbotn. Staðurinn er landnámsjörð og af honum til nokkur saga, sem ekki verður rakin hér. Hæst ber tvö nöfn þeirrar sögu, þeirra Hrafn Sveinbjarnarsonar og Jóns Sigurðssonar. Hrafn Sveinbjarnarson bjó á Eyri við Arnarfjörð síðari hluta 12. aldar og í byrjun þeirrar 13. Hann er talinn hafa verið mestur og víðkunnastur íslenskur læknir á þjóðveldistímanum og raunar frægastur norrænna lækna í fornum sið. Viðförull var hann, hafði gist ýmis þjóðlönd, svo sem England, Frakkland, Spán og Ítalíu. Hann var mikill mannúðarmaður grimmrar aldar, og trúlega mun nafn hans lifa lengur á íslenskum sagnaspjöldum en þeirra, sem lengri drógu eggvopn úr slíðri.

Arnarfjörður hefur löngum verið afskekkt bygðarlag og um Arnfirðinga spunnizt kynjasögur. Galdur og forneskju töldu menn lengzt hafa lifað hér á landi í Arnarfjarðardölum og á Hornströndum. Sú galdratrú lifði svo lengi, að gamlir menn, að sögn Þorvaldar Thoroddsen, töluðu um með lotningu, hve margfróður síra Sigurður Jónsson á Hrafnseyri

hefði verið og eins Hrólfur ráðsmaður hans. Síra Sigurður gat jafnvel komið fyrir „latíndraug“ af franskri fiskiskútu, sem aðrir galdramenn í Arnarfirði voru búnir að gefast upp við. Jón forseti, sonur síra Sigurðar, var líka álitinn fjölkunnugur, og til marks um það var sú óhagganlega staðreynd, að eftir að hann var settur að í Kaupmannahöfn, gjörði hann boð eftir skinnblaði, auðvitað úr galdrabók, sem hann hafði séð í ungðæmi sínu, en þá ekki sinnt. „Þetta var pilturinn búinn að læra.“

Sigurður Jónsson hafði verið aðstoðarprestur hjá föður sínum, síra Jóni Sigurðssyni að Hrafnseyri, frá því 3. október 1802. Hann var kvæntur Þórdísi Jónsdóttur, prests í Holti í Önundarfirði.

Þeim hjónum er þannig lýst:

„Síra Sigurður var hár maður og þrekinn, heldur fríður sínum, hjarteygur og vel hærður. Hann var talinn klerkur góður, skyldurækinn og alvörugefinn. Búsýslumaður var hann mikill, gekk jafnan sjálfur að slætti á sumrum og batt heim hey; á vetrum óf hann vaðmál; á vorin var hann formaður á sexæring, er hann átti sjálfur, og reri oftast á svonefndum Hamri, yztu veiðistöð í Dýrafirði að sunnanverðu, skammt frá bænum Svalvogum. Síra Sigurður kenndi ýmsum piltum í heimaskóla og gafst þannig færi á að halda við skólalærdómi sínum, en að öðru leyti, var hann enginn fræðimaður, og gáfur hans hneigðust mest að verklegum framkvæmdum.

Til viðbótar skulu hér tilfærð orð Eiríks Briem um síra Sigurð. Hann segir:

„Svo er mælt, að Sigurður prestur hafi eigi þótt neinn sérlegur gáfumaður og heldur stíður í lund, en hann var kjarkmikill og alvörugefinn, trúmaður mikill og skyldurækinn í öllu; iðjumaður var hann hinn mesti og búnaðist vel. Skólalærdómi sínum hélt hann mikið vel við,

en að öðru leyti var hann eigi neinn sérlegur fræðimaður.“

Þá er og til lýsing á móður Jóns Sigurðssonar, maddömu Þórdísi:

„Þórdís, móðir Jóns, var meðalkvenmaður á hæð, vel vaxin, andlitið frítt og gáfulegt. Einkum er til þess tekið, hversu hún var forkunnar vel eygð; augun smá og móleit, en fjörmikil. Var hún af öllum, sem þekktu hana, talin mesta skýrleiks- og gáfukona og valkvenndi. — Frú Þórdís hafði verið vel að sér í forntungunum og fyrirtaks kennari, og hafði hún oft rekið mann sinn í vörður, er þeim var tilrætt um bókleg fræði. Hún var kona hæglát og geðgóð, en stjórnsöm á heimili; að jafnaði var hún fáorð, en hafði til að vera hnyttin — jafnvel meinleg í orði. Því sagði Hrólfur karl, er var allan sinn aldur verkstjóri á búi þeirra hjóna, „að hann vildi heldur fá tíu ónotayrði úr prófasti, en eitt úr maddömunni.“

Þessar mannlýsingar eru hafðar eftir samtíðarfólki þeirra hjóna.

Þessir voru foreldrar Jóns Sigurðssonar.

Mælt er, að þá er Sigurður prestur hafi eitt sinn verið á ferð vorið 1811, hafi komið til hans sendimaður heiman að og sagt honum, að kona hans væri lögzt á sæng; reið hann þá heim svo hvatlega, að samferðamaður hans gat eigi fylgt honum. Og er heim kom, varð hann mjög glaður, því að þá var kona hans búin að ala sveinbarn; þetta var 17. dag júnímánaðar; barn þetta var skömmu síðar skirt og látið heita Jón, eftir öfum sínum. — Þótti drengnum strax svipa mjög til móður sinnar að yfirbragði.

Síðar eignuðust þau hjón, síra Sigurður og frú Þórdís, tvö börn, Jens, er á sínum tíma varð latínuskólakennari í Reykjavík og rektor, og Margræti, sem giftist Jóni Jónssyni, skipherra á Bíldudal, og varð síðar húsfreyja að Steina-nesi í Arnarfirði.

Af bernskuárum Jóns Sigurðssonar fara fáar

sögur, nema hvað vitað er, að hann naut ástríkis í föðurgarði og var elskur að foreldrum sínum og þá ekki síður Jóni, föðurafa sínum, sem gaf honum eitt sinn þann jarðarpart, sem nokkru máli átti eftir að skipta á stjórn málaferli Jóns Sigurðssonar og í sögu Íslendinga.

Jón Sigurðsson vandist snemma allri algengri sveitavinnu, og sjósókn kynntist hann líka fljótlega, því að þegar hann var kominn undir fermingu, lét faðir hans hann fara með sér í verið. Eru til sögur af því vestra, að vorið áður en Jón fór í skóla, hafi hann verið formaður á báti föður síns, þegar faðirinn þurfti að víkja frá, en það vor hafði hann uppsátur í Verdölum, yzt á suðurströnd Arnarfjarðar. Þá er og haft eftir Hrólfi, ráðsmanni: „Það held ég, að hann Jón litli hefði ekki orðið neinn búskussi, ef hann hefði lagt fyrir sig búskap. — Það var sama, hvort hann leit til veðurs eða á haustlambið, — það stóð heima, sem búmannsaugað sagði honum.“

Á vetrum kenndi síra Sigurður Jóni til skóla, og þótti snemma bera á því, að hann væri vel fallinn til náms, einkar skilningsgóður og stálminnugur. Jón lauk námi hjá föður sínum vorið 1829 í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar voru á Bessastöðum, og var þá tæplega 18 ára. — Á uppvaxtarárum sínum var Jón talinn glaðlyndur og jafnlyndur, og var því viðbrugðið, hversu hann kom sér vel við alla menn. En snemma bar á, að hann væri þéttur í lund og fastur fyrir, við hvern sem var að skipta.

4

Það var að vori 1829, sem Jón Sigurðsson yfirgaf föðurtún og hélt suður til Reykjavíkur. Um svipað leyti kom Páll Melsteð þangað, og lýsir hann þorpinu þannig í endurminningum sínum:

„Taldi ég þar timburhúsin, og mig minnir

ekki betur en að þau væru 50 eða 52 (timburhjallar, útibúr og pakkhús meðtalin), og bæjarbúar voru þá um 600 manns. Húsin voru svört (þ.e. tjörguð utan), ekki var farið að mála þau utan fyrir en litlu fyrir 1840, og það varð fyrst almennt, þegar smiðir þeir komu hingað, er stækkuðu dómkirkjuna og byggðu latinuskólann 1845—1846, og þá fóru menn að setja kvist á húsin og helluþök. Grundvellir undir húsum voru lágir og heldur illa hlaðnir, menn kunnu reyndar að sprengja grjót, en menn kunnu eigi að fleyga sundur eða kljúfa það, eins og nú er orðið svo almennt. Að fleyga grjót í sundur lærðu menn ekki til fulls fyrir en 1881, þegar alþingishúsið var byggt og litlu þar á eftir barnaskólinn. Það mega Íslendingar þakka þeim timburmeistara Bald og múrmeistara Lüders og steinsmiðunum frá Borgundarhólmi, sem byggðu alþingishúsið. Af bygging alþingishússins hefur leitt óendanlega mikið gagn fyrir Ísland. Holtin hér í kringum Reykjavík mega nú heita gullnámur; engum manni kom til hugar, þegar ég kom fyrst hingað, hvað úr grjótinu mætti gera, ekki heldur að rækta mætti tún úr holtum, mýrum og mógröfum, eins og nú er orðið allt hér í kringum Reykjavík, þegar ég skrifa þetta 1892. Reykjavík var fyrir 60 árum lítill og ósnotur bær; Austurvöllur þá hér um bil helmingi stærri en hann er nú, en alveg óræktaður, með götutroðningum, moldarflögum, er á vetrin urðu að smátjörnum; um girðingar umhverfis hann var ekki að tala. Niður við malarkambinn stóð húsaröðin kolsvört frá austri til vesturs og önnur húsaröð, eða réttara sagt, nokkur hús frá norðri til suðurs, þar sem nú heitir Aðalstræti. Um önnur stræti var ekki að ræða, því að hver mátti byggja, þar sem hann vildi, og snúa húsi sínu hvernig sem hann vildi, þangað til Ulstrup bæjarfógeti og Krieger stoftamtmaður fengu komið því til leiðar, að hér var sett

„byggingarnefnd“ 1839; þá fór fyrst að koma bæjarmynd á Reykjavík. Embættismenn bjuggu alstaðar annarstaðar en í Reykjavík. Hér áttu aðeins heimili stiftamtmaður og bæjarfógeti og sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem þá var Ólafur Finsen, hann bjó í húsi því, sem nú er í Árni landfógeti Thorsteinsson, Dómkirkjupresturinn bjó á Lambastöðum (Gunnlögur Oddsen); formaður hans í embættinu, Árni Helgason, hafði átt heima í Breiðholti. Yfirdómsmenn voru: Dómsforsetinn, Magnús Stephensen í Viðey, efri assessor, Ísleifur Einarsson, á Brekku á Álfanesi, neðri assessor Bjarni Thorarensen í Gufunesi, landlæknir og apótekari í Nesi við Seltjörn; enginn var barnaskóli; sá sem verið hafði á Hausastöðum lá í dái. Latinuskólinn og allir hans kennendur voru á og í kring Bessastaði; biskupinn bjó í Laugarnesi; prentsmiðjan, ef prentsmiðju skyldi kalla, var úti í Viðey. Eftir þessu fór allt. Það var eins og allar góðar vættir fældust Reykjavík. Bessastaðir voru miðpunktur menntunarinnar í þessu landi. Yfir Reykjavík rennur fyrst upp nýtt tímabil, þegar alþingi er endurreist í Reykjavík (1845) og skólinn er fluttur þangað frá Bessastöðum. Hér í Reykjavík var eigi um annað fólk að gera en nokkrar kaupmannahæður í timburhúsum og nokkra bændur í torfbæjum fyrir austan Þingholt, (Skuggahverfi, Stöðlakot, Skálholtskot) og fyrir vestan bæinn (Grjótaþorp, Hlíðarhús, Ánanaust). Í Reykjavík var mikil aðsókn og mikil verzlun um sumarkauptíð. Hingað sóttu margir úr Skaftafellssýslu, en fleiri úr Rangárvalla- og Árnessýslu, því að Eyrarbakka-verzlun var ómynd ein; ennfremur sóttu hingað allir Borgfirðingar og Mýrasýsla öll vestur að Hítará, því að engin verzlun var þá á Akranesi eða á Mýrum. Verzlunin lá í fjötrum sem svo margt annað. — Þá mátti á kaup tíðinni sjá nóg af tjöldum sveitamanna á Austurvelli, um tuttugu

í einu, og í Fossvogi margfalt fleiri, og hestarnir skiptu hundruðum. Kaupmenn flestir hér í Reykjavík voru þá allt öðru vísi en nú er. Nú koma þeir fram eins og menntaðir og kurt-eisir menn, en þá voru þeir eins og sagt er um Glám í Grettissögu: „Styrfnir og viðskotailir.“ Einn þeirra hét Ebbesen. Hann átti verzlun í búðarkrili, þar sem nú stendur hin stóra sölubúð Thomsens kaupmanns. Einu sinni kom bóndi í búð Ebbesens austan úr Flóa, meinlaus og fáfróður; bóndi var fyrir innan búðarborðið, spurði Ebbesen um eitthvað og skildi eigi hverju Ebbesen svaraði, og hváði, en Ebbesen rak bónda utanundir og rak hann fram fyrir borðið. Bónda varð eigi meira um, en hann sagði: „Já stífur þykir mér hann, þessi Ebbason,“ og fór sína leið.“

Í þessum stað tók Jón sitt stúdentsexamen hjá Guðlaugi dómkirkjupresti Oddsen hinn 1. júní 1829. — Nýr stiptamtmaður, Angel Krieger, hafði þá verið skikkaður til Íslands, og nýtt tímarit, „Árman á Alþingi“, var að hefja göngu sína, en hvorugu mun Jón hafa kynnt að svo stöddu.

Hann var víst með Einari stúdent Jónssyni, frænda sínum, sem var verzlunarstjóri við Knudtzons-verzlunina í Strandgötu, sem svo var þá nefnd, en við þekkjum undir nafninu Hafnarstræti. Var hann þar eitt ár innanbúðar. Til þessarar vistar má vafalaust rekja upphaf kynna hans við konuefni sitt, sem var Ingibjörg, frændkona hans, dóttir Einars. Þótt hún væri nokkru eldri en hann, (fædd 1804) tókust með þeim ástir, og heitbundust þau. Vorið 1830 hvarf Jón frá verzlunarstörfum og réðst sem skrifari til Steingríms biskups Jónssonar, er bjó í Laugarnesi við Reykjavík. Því starfi gegndi hann um röskt tveggja ára skeið. — Árið 1825 hafði landsstjórnin keypt jörðina Laugarnes í því skyni að gera hana að biskupssetri og veitti til þess 12 þúsund dali. Feng-

inn var danskur smiður til þess að gera múr-hús á biskupssetrinu. Steingrímur biskup var einn göfugastur andans maður sinnar tíðar á Íslandi. Lærdómsmaður var hann mikill og átti eitt bezta bókasafn landsins, enda stofn þess kominn úr Skálholti frá þeim Finni biskupi og Hannesi. Féll það í hlut Jóns að raða upp öllu þessu mikla safni, og varð það honum góður skóli í íslenzkri bókræði. Einnig lét biskup hann afrita mikið af gömlum skjölum, og glæddist þar áhugi Jóns á íslenzkum fræðum.

5

Vitað er með vissu, að það var einlæg ósk og von Sigurðar prófests á Hrafnseyri, að Jón, sonur hans, gerðist prestur og helzt, að hann tæki við prestskap og búi á Hrafnseyri, þá er elli tæki að mæða föðurinn. Ekki mundi heldur sá kostur hafa verið væntanlegum tengdaföður Jóns og unnustunni fjarri skapi, og er ekki að vita, hvað orðið hefði, ef Jón Sigurðsson hefði ekki komið í þjónustu Steingríms biskups. En nú vildi Jón halda námi sínu áfram. Hugði hann á Hafnarferð, og varð þar engu um þokað. Fór hann frá Steingrími biskupi með þann vitnisburð, að hann væri: „sérlega vel gáfaður, kostgæfinn og siðprúður.“

Sumarið 1833 átti Jón Sigurðsson því láni að fagna að dvelja nokkrar vikur á Bessastöðum hjá Sveinbirni Egilssyni til þess að taka sér fram í grísku. Tókst þá kunningsskapur með þeim, sem hélzt alla tíð meðan Sveinbjörn lifði.

Á áliðnu sumri 1833 sigldi svo Jón með skipi frá Flensborg í Hafnarfirði til Kaupmannahafnar, og var ætlun hans að stunda málfræðinám við Hafnarháskóla. Með skipi þessu var annar íslenzkur námsmaður, Skafti Timotheus Stefánsson. Þeir hrepptu ill veður og hafvillur og komust loks að landi vestan til á



Hrafseyri við Arnarfjörð.

Jótlandi. Af því, hve þeir félagar höfðu langa útivist, töldu íslenzkir stúdentar í Kaupmannahöfn þá af, og hafði Konráð Gíslason þegar ort um þá erfiljóð:

„Á sjávarbotni sitja tveir
seggir í andarslitrum,
aldrei koma aftur þeir
upp úr hrognakytrum.

Sjávarbylgjur belja oft,
bragnar niðri hljóða;
aldrei þeir sjá efra loft
ellegar ljósið góða.“

Góðu heilli slapp Íslandsfarið úr greipum Ægis, en þó fór það svo, að síðar lét Skafti Timotheus líf sitt í sjó. Hann drekkti sér í Kaupmannahöfn, og fór þar eitt mesta forustumannsefni íslenzkt á 19. öld.

Komst Páll Melsteð svo að orði um hann, en þeir voru sambýlismenn í Klaustursstræti Jón Sigurðsson, Skafti Timotheus og Páll:

„Nokkuð líkur Jónasi Hallgrímssyni var Skafti Stefánsson frá Völlum í Svarfaðardal. Þeir Jónas voru bræðrasynir. Ég segi ekki líkir í sjón að sjá, heldur að gáfnalagi, nema hvað Skafti var ennþá bráðskarpari og ákafari í

lund, allra manna bezt máli farinn, skáldmæltur var hann, og er til eftir hann í Skírni (8. árg. 1834) dálítið kvæði um Lárus Sigurðsson; og minnir mig þetta sé þar í:

„Svo bar Lárus
af lands sonum,
mörgum eldri og yngri,
sem lærviður
af lyngi í mó,
eða af selningi svanur o.s.frv.“

Þegar Jón Sigurðsson kom til Kaupmannahafnar, munu íbúar borgarinnar hafa verið 120 þúsund. Kaupmannahöfn var þá borg mikilla andstæðna. Þar voru glæsilegar hallir og virðulegar kirkjur, og þegar sól gyllti hina mörgu koparturna, var það fögur sjón. Einnig voru blómagarðar, trjálundir og grasfletir mikil bæjarprýði. En svo voru líka skuggahliðarnar, fátækrahverfin og allur sóðaskapurinn, sem gerði Höfn að hreinu sjúkdómabæli, enda var meðalaldur karla þar um þetta leyti ekki nema 35 ár og kvenna 39 ár, en á sama tíma var meðalaldur fólksins úti á landsbyggðinni um 50 ár.

Jón bjó fyrst á „Regensen“ með Halldóri frá Hofi og síðar á sama stað með Gísla lækni Hjálmarssyni. Árin 1838—40 bjó hann hins vegar með Páli Melsteð. Tókst með honum og þeim öllum góð vinátta, sem hélzt ævilangt.

6

Jón stundaði nám sitt af kappi. Leysti hann fyrsta próf sitt af hendi í árslok 1833 og var tekinn í stúdentstölu; hann hlaut lofseinkunn og ágætiseinkunn í latneskum stíl og danskri ritgerð. Árið eftir tók hann annað lærdómspróf, fékk ágætiseinkunn í latínu, grísku og sögu, en lofseinkunn í öðrum greinum. Eftir það fór hann að stunda nám í forntungunum undir

handleiðslu Madvigs prófessors. Námsframi hans varð þó aldrei meiri en sá, að hann fékk titilinn cand. philos., því að lífsáhuginn bar prófframann ofurliði, en prófleysi Jóns hyggtu ég, að orðið hafi Íslandi gæfa. Hann yfirgaf skólabekkinn til þess að berjast fyrir þjóð sína, en vísindin lagði hann síður en svo á hilluna, og náði hann þar — sem í öðru flestum lengra.

Páll Melsteð lýsir stúdent Jóni Sigurðssyni svo á þeirra Hafnarárum:

„Hann var góður meðalmaður á hæð en dálítið álútur, fríður sýnum og mesta stúlkagull. Hárið hrafnsvar, augun dökkbrún og óvenju fögur. Hann var skýrmæltur en fastmæltur.“

Ekki er sjáanlegt, að Jón Sigurðsson hafi haft nein afskipti af stjórnmálum á meðan Friðrik VI. sat að völdum. Þó mun hann um þessar mundir hafa verið farinn að lesa rit um stjórnmál og hagfræði og fengið áhuga á sjálfstæðisbaráttu annarra þjóða, svo sem Íra, eins og sjá má af grein hans í Skírni 1837, þar sem hann fer mjög lofsamlegum orðum um O'Connel, sjálfstæðishetju þeirra, — en Jón Sigurðsson og Jón Hákonarson frá Eyri ritstýrðu Skírni þetta árið, og mun Jón þar fyrst hafa stigið spor á þeirri braut, sem hann gekk síðan lengst sinnar ævi, jafnframt því sem hann kleif hinn bratta hamar íslenzkrar frelsisbaráttu, — en útgáfustarfsemi hans er eitthvert hið mesta afrek, sem unnið hefur verið á vettvangi íslenzkrar sögu og bókmennta. Þá þýddi hann um þetta leyti sjálfsævisögu Benjamíns Franklins og lét Bókmenntafélagið gefa hana út, en sú bók varð ekki aðeins vinsæl, heldur einnig mjög áhrifarík. — Við Árnasafn varð hann og fljótlega riðinn. Árið 1835 varð hann styrkhafi úr Árnasafni, og síðar var honum falið að fara yfir allt safnið og skrá það. Varð hann þá raunverulegur umsjónarmaður þess. Hann fann í Árnasafni fjölmargt, sem áður var ekki vitað um. Þá gerði

hann skrá yfir íslenzku handritin í Stokkhólmi og Uppsölum og lýsingu þeirra. Síðar varð hann ritari Árnasafnsnefndar.

Árið 1837 var hann kosinn varaforseti Bókmenntafélagsins og skrifari þess 1840. Þótti þá mjög færast nýtt líf í starfsemi félagsins, sem áður hafði verið daufleg. Ennfremur starfaði hann nokkuð í þágu norræna fornfræðafélagsins undir leiðsögn C. C. Rafns og var síðar ráðinn skjalavörður þess. Hann gegndi því starfi í tæpan áratug.

7

Þegar Jón Sigurðsson hélt til Hafnar, hafði Ingibjörg Einarsdóttir, frændkona hans, lofzt honum, svo sem áður var getið, og hafði nú sú trúlofun staðið allengi. Fannst Ingibjörgu seinagangur í málinu, og skrifaði hún Jóni og tjáði honum, að henni fyndist hún nú hafa setið meira en nógu lengi í festum og væri tími til kominn, að þau gengju í hjónaband.

Hann færðist heldur undan að taka við festarmey sinni — sagði Hafnarannáll þeirra tíma. Taldi hann sig naumast hafa tök á að vinna fyrir konu, og svo var það, að búizt gátu þau við ómegð. En Ingibjörg lét ekki hlut sinn, fremur en oft endranær. Hún lét ekki sannfærast, og þá lét Jón undan, og voru þau gefin saman í hjónaband. Samlíf þeirra varð með eindæmum gott, þótt þeim yrði ekki barna auðið. Það bar Sigurður sýslumaður, uppeldissonur þeirra hjóna, að aldrei hafi þeim orðið sundurorða, svo að hann vissi — og voru þó bæði allskaphörð og ærið föst fyrir.

Ingibjörg vann um árabíl að saumum og bætti þannig afkomu heimilisins, en síðan varð hún bónda sínum ómetanleg sem húsfreyja og gestgjafi, og mun það hafa verið Jóni og íslenzku þjóðinni til mikilla heilla, að hún sótti svo fast, sem raun varð á, að vígsla þeirra í hjónaband drægist eigi lengur en raun varð á.



Ingibjörg Einarsdóttir.

8

Það hafði farið nýr andblær um Evrópu, eftir að Parísarbúar árið 1830 hlóðu götuvígi til varnar prentfrelsi og mannréttindum sínum og hröktu Karl konung 10. úr landi. Jafnvel við Eyrarsund örlaði á nýjum þjóðfélagsstraumum. Fyrst bryddi á þeim í hertogadæmunum, þegar Uwe Lornsen gaf í Slésvík út ritling og átalði annmarka dönsku einvaldsstjórnarinnar. Friðrik sjötti lét að vísu fangelsa Uwe, en engu

að síður vakti ritlingurinn konung til umhugsunar, og skipaði hann nefnd til þess að undirbúa ráðgjafarþing. Þá var það, að Baldvin Einarsson vakti fyrstur manna máls á því í ritgerðum á dönsku og íslenzku, að Íslendingar yrðu að fá sérstakt innlent þing. — Áður hafði Baldvin komið því til leiðar, að íslenzkir námsmenn í Kaupmannahöfn áttu fundi með sér til að ræða ýmis almenn mál og kölluðu þá „alþingi“; fundir þessir höfðu allmikil áhrif á mótun og viðhorf hinna ungu manna, og munu þeir hafa orðið tilefni þess, að Fjöltnir fór að koma út.

Fyrstu spor Jóns Sigurðssonar á opinberum vettvangi íslenzkra stjórn mála voru tengd baráttu Íslendinga fyrir lausn verzlunarfjöturanna. — Sunnlendingar höfðu sent þingi Eydana bænaskrá um lagfæringu á verzluninni. — Spruttu af því deilur í dönskum blöðum. Þar var Knudtson kaupmaður, fyrrum húsbóndi Jóns, í forsvari fyrir málstað danskra kaupmanna. Þessu svaraði Jón í grein, sem að vísu var skrifuð undir dulnefni, í blaðinu Köbenhavnsposten í júní 1840. — Upp úr þeim deilum fór löndum í Höfn að verða ljóst, að Jón hafði tekið forustu fyrir þeim, og létu þeir sér það vel líka.

En Jón vantaði mál gagn til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Hann hafði gerzt aðili að Fjöltni fyrir tilmæli Brynjólfs Péturssonar og nokkrir menn með honum, enda þótt honum fyndist Fjöltnismenn í Kaupmannahöfn of afskiptalitlir um landsmál, lítt raunsærir í þeim greinum og full hneigðir til draumlífs og fornaldardekurs. Leiðir þeirra gátu ekki legið saman til frambúðar. Til þess voru manngerðir og viðhorf of ólík. Fjöltnismenn voru fagurkerar, sem fluttu skoðanir sínar í meitluðu máli og kliðmjúkum ljóðum, og þeirra draumsjón var eins konar Valhöll á Þingvöllum. Jón Sigurðsson var aftur á móti maður staðreyndanna. Að

vísu dró hann að sér rök úr sögu þjóðarinnar, en hann byggði kröfurnar á réttargrundvelli, sótti mál sitt af hörku og beitti rökum sínum til framgangs markvissum tilgangi. — Fjöltnismenn voru ekki og hugðust ekki vera stjórnmalamenn, en Jón Sigurðsson varð sér þess fljótlega meðvitandi, að hann var stjórn mála maður, — og brátt tamdi hann sér þá tækni, þau vinnubrögð og þann vopnabúnað, er þá tíðkaðist í þeim leik.

Þar kom samskiptum þeirra, Jóns og hans manna í félagi því, er gaf út Fjöltni, við frumkvöðlana að stofnun þess félags, að þeir Jón sögðu sig úr því og mynduðu önnur samtök til útgáfustarfssemi. Þeir stofnuðu síðan *Ný félagsrit*, sem komu svo út í 30 ár undir ritstjórn Jóns. Ný félagsrit urðu stefnumál gagn hans, þar sem hann hafði fyrir venju að frumreifa rækilega hvert mál, sem hann síðan hóf sókn fyrir á þingi og utan. Þau geyma því drjúgan þátt sögu íslenzkrar sjálfstæðisbaráttu. En áður en frekar er að henni vikið, skal nú birtur kafli úr bréfi, sem Jón Sigurðsson skrifaði Páli Melsteð sagnfræðingi 29. marz 1841 — og varpar ljósi yfir viðhorf Jóns til þess, sem á milli bar, þá er hann og hans menn sögðu skilið við Fjöltnismenn:

„Þá var eitt, að enginn mætti koma í félagið (Fjöltni), ef eitt atkvæði væri móti. Nú sluppu samt nokkrir inn, og þar á meðal ég; gjörði ég það þess vegna, að ég vildi eitthvað þarflegt rit gæti haldizt við og þyrfti ekki að falla niður. Ég útvegaði nokkra í félagið fleiri, og nú gekk allt vel, ritgjörð séra Tómasar um verzlunina var tekin fyrir og debatterað um hana, og síðan var farið að búa til lög. Nú vildum við ekki láta ritið heita Fjöltni, af populære Grunde, en því settu þeir sig á móti Konráð og Brynjólfur, og fengu með sér Jón Pétursson og Hannes, en við vorum 8, sem á móti vorum. Nú þótti okkur hart að 1/3 partur skyldi ráða

Jón Sigurðsson
og kona hans
Ingibjörg Einarsdóttir.



smámunum þessum þvert móti vilja $\frac{2}{3}$ og sögðum okkur því úr félaginu, nokkrir. Þegar við gengum úr félaginu, tókum við okkur saman að gefa út kver samt, svo þessi óeining yrði ekki að skaða því, sem gjöra skyldi, og svona er nú ritið til komið. ... Margir lá okkur lík-

lega, að við ekki vildum hafa neitt við þá að selda Fjölnismenn, eftir að sundrunin var komin á, því þá buðu þeir að fyrra bragði samlag aftur, og vildu líklega fella nafnið, en okkur þótti slíkt nokkuð hvílt, að bjóða næsta dag það, sem maður vildi ekki slaka til

hinn fyrra dag, og tókum því ekki. Þeir hugsa án efa það sé fjandskapur, eins og oftast er vant, sem þú veizt, en það er þó í raun réttir ekki, eða í öllu falli hjá fáum.“

9

Þegar Jón Sigurðsson ýtti Félagsritum úr vör, var hann rétt þrítugur. — Í grein sinni „Um alþingi“ í fyrsta heftinu segir hann: „Nú er tíð til að vakna og bera sig að taka á móti eins og menn, ef menn vilja ekki liggja í dái til eilífðar.“ Um þingstaðinn, sem mest hafði orðið ágreiningsefni milli hans og Fjölnismanna, segir hann í sama riti: „En þótt hugur og tilfinningar mæli fram með Þingvöllum, þá mælir minni hyggju skynsemi og forsjálni með Reykjavík.“... Þar og þá þegar kom fram vilji Jóns til þess að þoka stjórn landsins sem mest saman og efla samtímis völd hennar.

Jón Sigurðsson lifði á þessum árum við heldur kröpp kjör í Kaupmannahöfn, og hugur hans var heima. Hann hafði því áhuga á að fá embætti á Íslandi, og hugur hans stóð til skólamála. Því sótti hann um skólastjóraembættið við Latínuskólann í Reykjavík árið 1844, er verið var að flytja Bessastaðaskóla þangað. En það var forgefins, því veiting var að sögn því skilyrði háð, að hann léti af þingmennsku og öðru bardússi gegn dönskum stjórnarvöldum. Síðar — eða 1850 — buðu stjórnarvöldin honum þetta sama embætti, og skyldi skipan hans og persónuleiki lægja uppreisnaröldurnar hjá skólapiptum. En enn sem fyrr fylgdi skilyrðið um auðsveipni við Dani, og aftur neitaði hann eindregið að hlíta því.

Árið 1840 lézt Friðrik sjötti Danakonungur og Kristján áttundi tók við ríkjum. Í sambandi við kóngaskiptin skrifar Jón Sigurðsson Páli vini sínum þessar línur:

„Nú var jöfur krýndur í gær. Finnur hélt á grallaranum og smyrslabauknum, en fékk ekkert nema demantshring, svo stórhreinlegan, að hann væri handa Ými sáluga eða Örgemli. Bardenfleth varð kammerherra og Hoppe á Vöðlum. Lector Johnsen riddari. Merkilegasta fregnin er samt, að Kristján áttundi gaf oss Íslendingum von um fulltrúaþing heima. — Nú er tíð að vakna og bera sig að taka á móti eins og menn, ef menn vilja ekki liggja í dái til eilífðar.“ (Um verzlunina) „Þar til kemur, að konungur er okkur án efa velviljaður, og principið er okkur meðmælt, því allir vita að kaupverzlan er líf hverrar þjóðar og verzlunarófrelsi dauði. — Við sendum deputation (Finn, Repp, sr. Pétur) að þakka fyrir resolutionina um stöndin. Annars er stemming hér skitin, og smá óróar við og við, en nú er kannske heldur að batna, hvernig sem seinna ræðst. Settu svart strik í almanakið þitt. Paganini er dauður. — Hvítt geturðu sett, ef þér sýnist nokkurs vert, að Fritz er sagður lofaður elztu dóttur bóndans í Mecklenburg-Strelitz, en Olga Nikulásdóttir bóndanum í Nássá. — Þú kemur nú líklega sem annar „Revolutionens Søn“ frá Íslandi — þú veizt hvað ég meina. Bróðir þinn Thiers — fils de la revolution líka — stendur sig eins og skrambinn ennþá og hefur fengið út leifar Napóleons sál. frá St. Helena.“

Það hafði glaðnað yfir frjálshuga mönnum við valdatilkomu Kristjáns áttunda, ekki sízt á Íslandi. Hann hafði komið við frelsissögu Norðmanna 1814, og hann var talinn frjálslyndari fyrirrennurum sínum, enda hét hann því í úrskurði 20. maí 1940, að fulltrúaþing skyldi setja á Íslandi. Þetta voru Jóni Sigurðssyni mikil tíðindi og góð og fyrirboði mikils meira, — og kvektu þau innra með honum þann eld, er síðan lýsti þjóð hans á veginum til framfara og frelsis. Jónas Hallgrímsson var þá líka í Kaupmannahöfn og fagnaði konungs-

boðskapnum um Alþingi með einu af sínum snilldarljóðum:

„Sól skín á tinda.

Sofið hafa lengi

dróttir og dvalið

draumþingum á.

Vaki vaskir menn.

Til vinnu kveður

giftusamur konungur

góða þegna.“

10

Enda þótt Jón Sigurðsson væri um þessar mundir að steypa sér út í stjórnmálabaráttuna, sem síðar altók líf hans, og fræðastörfin væru honum tekjurýrt en tímafrekt lífibrauð, þá unni hann sér þó þá og jafnan síðar nokkurrar afþreyingar við önnur efni, svo sem síðar mun nánar að vikið. Skal hér birt ein frásögn af slíkum góðum stundum, er hann skrifar Páli vini sínum Melsteð:

„Elskulegi bróðir minn.

Sikken en! að vera ekki búinn að skrifa mér eina línu enn, og komið fram að vetri, ég kominn aftur úr heilli utanlandsreisu og allt; ég skal lofa þér góðu líka, að bréf þetta skal verða eftir því, því ég hefi ekkert að skrifa heldur, nema um sjálfan mig. Það vilda ég þú ættir eins marga efnilega syni handa Íslandi, eins og ég hefi óskað að þú værir kominn í sumar, því oft man ég eftir þér með glöðu bragði og elskulegum í viðmóti, en aldrei varstu jafn-upplagður einsog í Svíþjóð. Svo hefi ég líka verið í sumar, ég hefi aldrei fundið meins á mér, og verið svo tindilfættur innan um Svíasker einsog verstí víkingur. Mikið gaman er að sigla inn skergarðinn þar sem þeir lágu víkingarnir enir fornu, þar er líka

lægi, sem skapað er handa víkingum, og er það ergilegt, að svoddan staðir skuli nú vera ónotaðir vegna þessa sem menn kalla Civilisation. Ég var í Karlskrónu og sá flota Svía og skotvígi þeirra fyrir utan í víkinni með 400 eldpípum; það eru réttgóðar tennur handa Dön-um. Á innsiglingunni til Stokkhólms gegnum 18 mílna langan skergarð, það er að segja eyjaklasa allan smáskógi vaxinn, er Vaxhólmskastali við svo þröngt sund, að hjólin á skipinu okkar rökuðu nærri ströndinni. Þar var Kúrsenstolpe geymdur í kastalanum þangað til 20. júlí í sumar, að hann fékk lausn. Stokkhólmur er einhver sá fallegasti staður hvað plássinu viðvíkur, hann er allur byggður á eyjum með duglegum brúm á milli, og eru öll hús byggð á stöllum upp eyjarendurnar. Slotið — það er dægilegt, það er sjálft stærra en Kristjánsborgarslot, ferhyrningur, en garðarnir eru ekki eins stórir, þó hefur það það fram yfir, að þar er dálítill Have, þar sem snýr að sundinu, og þar leika þeir sér Óskarlíngar, og róta þar í moldinni með krुकunum og dálitlum rekuspöðum sem þeir hafa að leika sér að. Biblíothekið er þar í annarri floyinni, og þar höfðum við herbergi, sem snýr inn að garðinum, því get ég sagt þér kunnulega frá öllu. Greifi Hamilton sem er Hofcavalier prinsessunnar sýndi mér hífýli þeirra Óskars og hennar, og sá ég þar að Óskar les og málar, og voru tvö málverk hans á Kunstudstilling Svía, og voru ekki slæm. Gamli skríjóðurinn liggur í bólinu nema þegar hann ekur út á slot sín fyrir utan bæinn, en aldrei gengur hann í garðinum. Hann er í hærri lagi meðalmaður, illa limaður að lærum og fótum, en rétt laglegur að ofanverðu, hann hefur nokkuð álútan höfuðburð en þó einarðlegan, og lítur nokkuð fast fram fyrir sig eða einsog blindandi líkt og Repp, og þeir eru ekki að öllu ósvipaðir í framgöngu.

Hann hefir ógna mikið um hálsinn og sett á la Napoleon. Í frakknesku marskálka uniformi gengur hann oft. Margir bölvu honum Svíar, en ekki held ég hann eigi það skilið. Það er kröftugur maður og forsjáll þarmeð, og vill Svíum án efa vel, eins og sjá má á því, hvað bæði sonur hans og öll hans börn eru öldungis svensk, þó kallskepnan sjálfur kunnir ekki mál- ið. Kringum Stokkhólm eru lystislotin: Haga með mikið stórum Park; Rosendal, mikið prýðilegt, en lítið; Drottningholm, stórt slot í líkum stíl og höfuð-Facaden á Friðriksbergi, en miklu stærra. Þar er nálægt slot eitt, sem Gustafur þriðji byggði í kínverskum stíl. Frá Stokkhólmi ganga dampskip útum allt, því Svíar hafa eitthvað 70 af þeim, þar á meðal eitt úr járn, makalaus píl. Á þeim ferðumst við til Uppsala, og er þar á leiðinni Skokloster, sem Brahe á, eitthvert fallegasta slot, sem ég hefi séð, byggt af Wrangel eftir 30 ára stríðið í sama stíl og Aschaffenburg og eftir því. Í Uppsölum er sú guðdómlegasta kirkja, sem ég hefi séð, og fleiri byggingar fallegar. Milli Uppsala og Stokkhólms ganga 2 dampskip á víxl 5 sinnum í viku, og hafa mikinn ábata, ferðin kostar 2 Banco (9 mörk) aðra leiðina. Í Uppsölum kynntumst við helzt við prófessora, því fáir stúdentar voru heima, einkum voru það júrídískir prófessorar, sem við kynntumst við, og sá sem kennir íslenzkuna próf. Schröder, hann er Universitetsbibliothekar. Frá Uppsölum fórum við til járn- námunnar í Dannemora, og sé ég þar í stampi járn- bentum, bróðir minn! eins og kóngur- vofa niður í 90 faðma djúpa gjá, og er standberg hreint niðri botn, sem ekki getur fugl staðið í. Hestur vatt mig upp og ofan. 3 vorum við í stampinum í einu, námumaður, bóka- kaup- maður einn og ég, en Ólafur gat ekki sígið fyrir svima. Það er ekki eins og við Höganæs, að maður þurfi fataskipti, hér er allt hreint,

en þar að- auki er gjáin, sem maður fer niðri svo víð, víðlíka og Gamla- torg, en einmitt þess- vegna ógurlegri, því maður sér endalaust gin það sem augað flytur, og eygir ekki botn, nema þegar hjart er yfir. Á botninum gekk ég á klaka; ekki er þar heitara en svo. Á leiðinni aftur vorum við í Ohrbyhus, þar sem Eirekur 14di sat í fangelsi. Við vorum líka í gömlu Uppsölum og drukkum mjöð á Óðinshaugi, og þar sem Björn sálugi að Haugi sat komum við, og gengum á haug hans; það er skammt frá Uppsölum. Að fara upp Fýrisá er gaman, hún rennur niður sléttar grundir og er skógur öðrumegin og holt, en öðrumegin slétt með hólum það sem augað flytur, en áin er svo mjó, að bylgjurnar uðan skipinu sleikja báða bakka og víða má stökkva í land á bæði borð; þegar maður er niðri, þá sér maður ekki öðru- vísi en einsog maður flögri yfir engi. Veginn til baka fórum við yfir Gautaborg, allan Kan- alinn, þar er víða ógnarfallegt, en ég hafði nú ímyndað mér svo mikið um það áður, að það gat varla gert betur en vera eins. Þó er Tröllhettan nærri meiri en ég gjörði mér í hugarlund, það er makalaust verk, og ekki gott að vekja ímyndun um það í stuttu máli. Þar er grafinn kanall til að komast fyrir iðufoss í Gautaelfi, og hefir verið sprengt einlægt berg gegnum langt holt, lengra en frá Brekku suð- ur að Görðum og gegnum það fara skipin, svo djúpt að það er 60—80 fóta niðrá dekk, þegar maður stendur á barminum þar sem hæst er holtið. En nú þykir þetta ofmjótt, og er nú þegar búið að sprengja annan kanal við hliðina, sem er svo breiður, að hlaðinn verður veggur innan þess sem sprengt er, og verður það bæði hentugra og hættuminna, því skeð getur að springa kynni úr berginu. 2. septem- ber komum við til Hafnar. Hvað við höfum útrétt hefi ég skrifað Egilsen og segir hann þér af því það sem þú vill vita....



Úr herbergi Jóns Sigurðssonar í Þjóðminjasafni.

Heilsaðu þeim sem minnst mín — og
vertu alla tíma blessaður
þinn einlægi og elskandi bróðir
Jón Sigurðsson“

11

Enn líða ár og málum þokar fram. Hinn 8. marz 1843 gefur konungur út tilskipan um Alþing, skipan þess og starfsháttu. „Alþingismenn skulu verða 26 að tölu, 20 þjóðkjörnir og 6 konungkjörnir. Hinir þjóðkjörnu þingmenn verða kosnir úr öllum 19 sýslum landsins, einn úr hverri, og hinn tuttugasti úr Reykjavík. Kjör þingmanna gildir í sex ár. Alþingi skal vera ein málstofa.“ —

„Kosningarrétt til Alþingis skulu hafa allir karlmenn, sem eru fullra 25 ára, eiga 10 hundruð í fasteign eða hús, sem sé að minnsta kosti 1000 ríkisdala virði. Afnotaréttur af fasteign veitir og kosningarétt; þeir, sem fengið hafa lífstíðarábúð á þjóðjörð eða kirkjujörð hljóta slíkan rétt. Kjörgengir eru þeir, sem kosningarétt hafa og náð hafa þrítugsaldri, þá er kosning fer fram. Maður er þó kjörgengur einungis í því amti, sem fasteign hans er í, en hvergi utan þess.“

... „Þingmenn allir skulu tala íslenzku, öll álit skal rita á íslenzku og gjörðabækur þingsins. Konungsfulltrúa er þó leyft að tala dönsku, en þá ber aðstoðarmanni hans að þýða fyrir þingmönnum á íslenzku. — Umræður um þingmál eiga að fara fram í tvennu lagi. —

Alþingi hefur aðeins ráðgjafavald um þau lög-
gjafarmál, sem til þess koma.“

Ög nú skyldi kjósa fulltrúa til Alþingis Ís-
lendinga. Jón Sigurðsson lét setja sig á kjör-
skrá í Ísafjarðarsýslu til þess að gefa sýslubú-
um þar kost á að kjósa sig. Kjörgengiskilyrð-
in uppfyllti hann með því að afi hans, séra
Jón á Rafnseyri, hafði ánafnað honum 10
hundraða jarðarpart vestur í Arnarfirði, þegar
sonarsonur hans var í æsku.

Um aðdragandi þessa komst Jón Sigurðsson
þannig að orði í bréfi til Páls Melsteðs 15.
júní 1843:

„Ég vona, þú agiterir, bróðir minn, það sem
þú getur, því nú riður á fyrsta þinginu. Stjórn-
in er í spenningu um það, og allt respekt okkar
um nokkur ár er byggt á því. Ég hefi okkar í
milli að segja látið setja mig á kjörskrárnar í
Vesturamtinu, til að vera kandidat í Ísafjarðar-
sýslu (þar á ég jörð, skal ég segja!). — Nú kem-
ur uppá Ísfirðinga, hvað þeir segja, en þeir verða
líklega svo hyggirnir að vara sig á mér og velja
mig ekki. Ég verð þá náúrligvis snögglega
reiður og þykist þeim ofgóður.“

Við kosningarnar 13. apríl 1844 voru 80
kjósendur á kjörskrá í Ísafjarðarsýslu, en at-
kvæði greiddu aðeins 52, þar af hlaut Jón
Sigurðsson 50 atkvæði. Í því kjördæmi var
hann endurkosinn jafnan síðan á meðan hann
lifði.

Á Alþingi fékk Jón Sigurðsson góðan vög-
völl, en þó náðu skrifin hans lengra; og í
Félagsritum ruddi hann jafnan brautina — svo
sem hér að framan er vikið að. Þar reifaði
hann ávallt sín stóru áhugamál, hvatti síðan
vini sína og fylgismenn í ótalmörgum einka-
bréfum til að halda fundi, gera samþykktir og
semja bænaskrár og jafnvel senda menn þeim
til framfylgis við konung. Það fer ekki fram hjá
neinum, sem lítur sögu hins liðna, að ljóst er
sem dagur, að Jón Sigurðsson var mikill áróð-

ursmaður, kunni furðuglög skil á tæknilegri
hlið alls áróðurs og var í bezta lagi kunnáttu-
ríkur á því sviði. Hann skildi hið grundvall-
andi gildi þeirra tengsla, sem einkabréfin
komu á, á milli hans og mætra manna víðsvegar
um landið, og vissi, hvernig átti að notfæra sér
fjöldahrifningu á örlagastund. Honum var og
ljós sá áhrifamáttur, sem því fylgdi, að endur-
taka mikilsverðar fullyrðingar sýkt og heilagt,
unz þær voru barðar svo kirfilega inn í koll
kjósenda, að þær urðu aldrei þaðan hraktar,
hvorki með tilfinningatali né á rökvisan hátt.

Ný félagsrit urðu í höndum hans pólitísk
lögbók unga fólksins í landinu. Þar voru þær
og eru svart á hvítu, hans þaulhugsuðu hug-
vekjur um Alþingi, verzlunarmál, skólamál og
ótal margt fleira, sem varð góður og gildur
raunveruleiki.

Jón Sigurðsson endurgalt ríkulega það
traust, sem honum hafði verið sýnt til þing-
mennsku. Allt frá fyrsta þingi, 1845, er auð-
sýnt, að hann er lífið og sálin í öllum þings-
ins störfum. Hann verður frá upphafi þingfer-
ils síns harðskeyttastur andstæðingur Dana og
hrísvöndur á bak íslenzkra kóngsins hoffmanna.
Náði hann ótrúlega fljótt trúnaði og trausti
sinnar tortryggnu þjóðar og það, sem má ef til
vill teljast ennþá furðulegra: algeru fylgi
meirihluta þjóðarfulltrúa á Alþingi, sem kusu
hann þingforseta 1849 og lengst síðan, er hann
mátti þing sækja.

12

Straumur tímans fellur fram, og Sagan flett-
ir sjálf sínum blöðum. — Jafnvel íslensk bók-
fell opnast með hennar hrjúfa fingratak: Dánar-
fregn. Hún barst ekki fyrir en eftir marga mánuði
með vorskipum frá kóngsins Kaupinhöfn. — Lát-
ist hafði um óttu-skeið aðfaranótt 21. janúarii

Ef það hefur
að halda hóp, þá er eg viss um með guðs hjálpi að við náum
retindum okkar, þó langt er að bíta þess, en það verður því
þessumra sem menn styrkja mig betur og þann litla hóp sem
með mér er. Framyfir allt þá meg þú ekki láta hvern
þyrt blaðanna eta lausar fregnir og getgátur trufla ynxur

Eg hefi nú aldrei þurft að biðja þig eins jólaáts ums og
fyrir þennan seðil, en þín einlegri hvetur mig til að svara
í sama ton. Eg er alltaf
þinn einlegur elskandi vin
Jón Sigurðsson.

Rithönd Jóns Sigurðssonar.

1848 Kristján konungur hinn áttundi, 62 ára að
aldri, hafandi ríkt í Danaveldi í aðeins átta ár.
Um hann segir sagan:

„Hann var friður maður og höfðinglegur,
vel viti borinn og flestum konungum betur að
sér um ýmislegt það, er til bóklegra mennta
heyrði. Hann var vel máli farinn, — röddin
mikil og snjöll.“ . . . Hinn nýi konungur
Friðrik sjöundi, var 39 ára að aldri. „Hann er
hinn eini konungur vor, sem komið hefur til
Íslands,“ — hann ferðaðist hér um land 1834.
„Hann er sagður góðviljaður maður, lítillátur
og ávarpsgóður við æðri sem lægri. Vænta Ís-

lendingar alls hins bezta af hinum nýja konungi
sínun.“

En árið reyndist ekki alls staðar konung-
holtt. Í febrúarmánuði urðu þau tíðindi, að
konungur Frakka, Loðvík Filippus, var sviptur
völdum og varð að flýja ættjörð sína í dauð-
ans ofboði. Uppreisnin, sem stuggaði þessum
ósköpum af stað í Parísarborg hófst 22. febrúar
1848. Þar hafði orðið mannfall, er saman laust
soldátum konungs og fólki úthverfanna, sem
sótti fram syngjandi hinn blóðuga söng frá
Marseille. Líkum uppreisnarmanna var ekið
um borgina, og hópgöngur fylgdu á eftir. Á

veggjum gat að líta „proklamtioner“ borgaranna: „Veldi Bourbonna er lokið í Frakklandi.“ — „Frakkland er fríveldi.“

Þessar þjóðfélagsöldur urðu að holskeflu annars staðar í Evrópu. Menn reiddu til höggs í þýzku smárikjunum og drógu kuta úr ermi á Ítalíu — og í dönsku hertogadæmunum var brugðið sigð að hálsi konungsvaldsins.

Friðrik konungi sjöunda þótti ráðlegast að heita þegnum sínum stjórnarbót, jafnskjótt og hann var kominn til ríkis. Mánuði síðar reið hún yfir, stjórnarbyltingin í París, og spurnir af henni ollu víða miklum umbrotum og valdaátökum. Fyrst var það, að Slésvíkingar og Holsetar risu upp gegn Dönum. Í sama mund varð uppnám mikið í Kaupmannahöfn. Urðu eldri ráðgjafar konungs að hverfa frá störfum, og nýir menn tóku við þeirra stöðum og ábyrgð.


Þegar þau ósköp gengu yfir kóngsins Kaupinhöfn, sendi Jón Sigurðsson lítinn bréfseðil til Íslands með þeim tíðindum og nefndi grein sína „Hugvekju til Íslendinga“. — Var hún rituð að hans sögn á dögum uppistandsins í Kaupmannahöfn, en hafði þó að geyma varanlegri boðskap, því að í henni felur hann allt, sem hann hefur sinni þjóð að segja: Hún er grundvallarstefnuskrá íslenzkrar sjálfstæðisbaráttu.

Þann 18. marz þetta ár skrifar Jón Jens bróður sínum á þessa leið:

„Þú veizt að margir hafa fundið á sér árin fyrirfarandi einsog veðurboða, en nú er það komið fram, því gamla Evrópa er nú þegar í loga. Fyrst kom heilagur páfinn, einsog þú veizt, og veitti frelsi hjá sér, og gjörði Ítali hamslausa; svo komu Sikileyingar og gjörðu uppreist og svo Neapólsmenn — og píndu constitution útúr kóngi sínum; þá komu nú Frakkar og þótti leiðinlegt að þæfa lengur við Guizot, þeir ætluðu að halda sér fund og tala um kosningafrelsi og safnast þar saman grúi,

til þess að sýna stjórninni, að þjóðin vildi hafa meira kosningafrelsi. — Stjórninni var ekki um þetta og kreppti að um fundinn, en þá komu hinir í óeirðir, þá var skotið á þá, þá orguðu þeir „à bas Guizot“; þá lét kóngur segja að Guizot væri úr völdum og aðrir frjálslyndari settir; þeir sefast; en í því er skotið á hóp nokkurn við hotel Guizots; þá orga þeir af gremju, og segja að þetta sé allt svik um ministraskiptin og orga „à bas Louis Philippe“, og eftir tvo tíma er „Loðvík Philippus ljósast nafn“ settur af og kominn með kerlingu sína gangandi til Englands. Frakkar urðu bráðir og ætluðu að segja til sín, en þeir vissu ekkert af sér sjálfir fyrr en öllu var kollsteypt óvart. Hvað var nú að gjöra? — Republik — og á einu augabragði þá er orgað upp „la republique Française — la liberté — l'égalité — la fraternité. — En bien, monsieur, það er komin republik á Frakklandi aftur, og Lamartine er utanríkisráðherra. Thiers er nú hreint afturúr, því hann er ekki nærri nógu frjálslyndur. Nú er kviknað í Þýzkalandi, og í flestum stöðum láta stjórnirnar undan, nema gamli Ernst í Hannóver, hann biður þá að hafa á höfðinu, hann segir þeir eigi nógu gott, þeir sé ekki soltnir. Þá er nú Danmörk. Kristján 8di dó 19. janúar og Friðrik 7di kom upp daginn eftir; hann byrjar með því að boða constitution, sem þú sérð af blöðunum, en lítil er hún og sultarleg, og rifrildið þó mest um hvernig henni verði komið við; hún á nefnilega að ná til Danmerkur, Slésvíkur og Holsetalands en ekki víðar, en nú biðja Slesvig-Holstenerne Dani vel að lifa, og segjast ekki vilja hafa neitt með þá að sýsla. Danir biðja margir Holseta að fara í rass, en Slesvik segjast þeir eiga, hinir segja að Slesvik fái þeir aldrei. — Nú er rifist, og hver verður endirinn? — að Slesvik fer sína leið held ég.“

Ög enn fara stórsjóir yfir þjóðlönd og eyjar.



Þjóðfundurinn 1851. Eftir málverki Guanlaugs Blöndal, sem er í eigu Alþingis.

Á árinu 1850 kemur til uppreisnar í Lærðaskól-
anum, skólapiltar pereata virðulegan Svein-
björn Egilsson rektor, og sjálfur dómkirkju-
prestur höfuðstaðarins er afhrópaður að lokinni
guðsþjónustu. Reis óróaalda svo hátt, að boðað
var til Þingvallafundar í forboði konungs og
hans umbjóðanda, stiftamtmanns. Hámarki nær
þessi reiði- og uppreisnaralda á Þjóðfundi, sem
hófst í Reykjavík 6. júlí 1851. Þar voru kóngs-
ins fulltrúar Jörgen Ditlev Trampe, greifi að
titli til stiftamtmaður að starfi og amt-
maður Páll Melsteð, sem í forsæti sat að til-
skipan síns yfirboðara. —

Íbúatala Reykjavíkur var, þegar hér var kom-
ið sögu, rétt um 1200, en alls landsins innan
við 60 þúsund. Áhugi almennings fyrir stjórn-
málum var litill, og embættismenn voru klafa-
bundnir á kóngsstallinn vegna frama og fjár-
vonar. Gervalt þjóðlífið var í hálfgerðu dái,
póstsamgöngur um landið sáralitlar, engir
vegir nema þeir, sem hesthófarnir höfðu troðið
síðan á landnáms tíð; engar skipaferðir umhverf-
is landið, og gufuskip með öllu óþekkt; land-
búnaður eins og hann hafði verið frá fornu

nema lakari í sumum greinum; sjávarútvegur
á smábátum og því aflalaust og hallæri, ef fisk-
urinn rann ekki upp í landsteina eða gæfta-
leysi var eða þá hvort tveggja; tekjur landsins
aðeins nokkrir tugir þúsunda ríkisdala.

Þrátt fyrir dauðann í þjóðlífinu var þó einn
sá, sem alltaf hélt vöku sinni. Það var Jón
Sigurðsson. Hann hafði árið 1850 sent þjóð
sinni ávarp, sem hafði meðal annars þessi orð
að geyma:

„Bindið nú þjóðlegt samband um allt land.
Fundi og umræður um alþjóðleg efni mun
enginn geta bannað yður með réttu, en gætið
þess, að hafa alla meðferð yðar á fundum sem
reglulegasta og sem sómasamlegasta í alla staði.
Farið eigi í launkofa með það, sem allir mega
og eiga að vita; hafið og heldur eigi annað
fyrir stafni, en opinbert má verða. Látið hvergi
eggjast til að fara lengra eður skemmra en
skynsamlegt er og sæmir gætnum og þó einörð-
um mönnum. Látið á engan hátt eggjast til að
sýna embættismönnum yðrum vanvirðu eða ótil-
hlýðilegan mótþróa; minnizt þess, að embættis-
menn eru settir til að gæta laganna, og þegar

þeir koma fram í laganna nafni, þá óvirðir sá lögin, sem óvirðir þá, en með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða. Leititz við sem mest, hver í sínu stað, að útbreiða og festa meðal yðar þjóðlegt samheldni, þjóðlega skynsemd og þjóðlega reglu.“

13

En lítum nú með Eiríki Briem inn á Þjóðfundinn, sem haldinn var „á Sal“ í Latínuskól-anum:

„9. ágúst, (1851) var fundur haldinn í síðasta sinn, létu liðsmennirnir dönsku þá meira á sér bera.“ Þeir voru annars aðeins rúmlega tuttugu. Trampe hafði að vísu óskað eftir að fá heilan flokk hermanna, en fékk ekki fleiri. Varð þetta þó nokkuð dýr útgerð, því að flokkurinn dvaldi hér til næsta vors, og var kostnaður af honum rúmar 18.000 kr. sem var ærin fjárhæð í þá dag.

Nefnd, sem sett var í málið, hafnaði algerlega stjórnarfrumvarpinu, samdi frumvarp, er byggist á skoðunum þeim, er Jón Sigurðsson hafði haldið fram. Konungsfulltrúi hélt ræðu í byrjun fundarins og átalði harðlega fundinn og nefndina; sagði hann, að álit nefndarinnar væri svo, að fundurinn hefði enga heimild til að taka það til meðferðar, og kvaðst því mundu segja honum slitið.

„Nú urðu tíðindi. Í því bili, er konungs fulltrúi sagði: „Og lýsi ég þá yfir í nafni konungs.“ greip Jón Sigurðsson fram í og mælti: „Má ég biðja mér hljóðs til að forsvara aðgerðir nefndarinnar og þingsins.“ Forseti svarar: „Nei.“ Lauk þá konungsfulltrúi máli sínu og sagði: „að fundinum er slitið.“ Jón stóð jafnskjótt upp og mælti: „Þá mótmæli ég þessari aðferð.“ Um leið og konungsfulltrúi gekk þá úr sæti sínu, mælti hann: „Ég vona, að þingmenn hafi heyrt, að ég hefi slitið fundinum í nafni kon-

ungs.“ Jón Sigurðsson svaraði þá: „Og ég mótmæli í nafni konungs og þjóðarinnar þessari aðferð og áskil þinginu rétt til að klaga til konungs vors yfir lögleysu þeirri, sem hér er höfð í frammi.“ Risu þá fundarmenn upp og sögðu flestir í einu hljóði: „Vér mótmælum allir.“ Því næst var konunginum óskað heilla og gengið af fundi.

Daginn eftir var samið rækilegt ávarp til konungs samkvæmt nefndarálitinu; settu 36 fundarmenn (af 43) nöfn sín undir það og kusu þrjá menn til að fara með það á fund konungs. Til þess var Jón Sigurðsson kjörinn fremur öllum öðrum, og svo Jón Guðmundsson, ritstjóri Þjóðólfs er síðar varð, og Eggert sýslumaður Briem, en hann fór eigi, þar eð hlutaðeigandi amtmaður kyrrsetti hann.“ — Viðbrögð konungs við þessu öllu urðu vonzka ein. Öllum óskum hafnað og þjarmað að þeim embættismönnum, sem undir skjalið höfðu skrifað. Fól kóngur stiftamtmanni að forbjóða undirskriftarembættismönnum að sitja á þingi og sýndi þeim í fleiru vanþóknun sína.

„Þjóðfundurinn endaði á mótmælum, og hin helzta þýðing hans var í því fólgin að mæla í móti því fyrirkomulagi, sem ákveðið var í frumvarpi stjórnarinnar, enda var aldrei fram- ar tilraun gjörð til að koma því á. Þjóðlífi Ís- lendinga hafði verið háski búinn, en honum var nú afstýrt.“

....Nú liðu langir tímar svo, að málinu varð ekkert ágengt....

En Jón lét sízt undan síga, heldur hélt stöðugt áfram í ræðu og riti hvatningu sinni og baráttu, og var ekki laust við, að Stór-Dönum þætti nóg um. Vorið 1870 voru honum í ritgjörð í Dagblaðinu bornar á brýn „ólöglegar æsingar og undirróður“. Höfðaði Jón mál gegn ritstjóranum og fékk hann dæmdan í 400 kr. sekt auk málkostnaðar. Því er þess



ÖSTERVOLD 8 —

hús það er
Jón Sigurðsson
bjó lengst í og nú
hefur verið gefið
íslenska ríkinu.

getið hér, að þetta var eina málið, sem Jón átti í um ævina.

Stjórnmálaáhugi óx nú óðfluga á Íslandi og þá fyrst og fremst fylgið við stefnu Jóns. Kom það m.a. fram í verkinu, er Þingeyingar nokkrir brugðu á það ráð árið 1870 að mynda samtök eða félag til þess að berjast fyrir þessari stefnu, en jafnframt munu þeir hafa haft

í huga að geta veitt Jóni Sigurðssyni fjárhagsstuðning.

Félag þetta var stofnað á Alþingi 1871 og hlaut nafnið *Þjóðvinafélag*, og var Jón valinn forseti þess, og var hann það jafnan síðan. Menn Þjóðvinafélagsins gengust fyrir fundahöldum um land allt vorið 1873, og voru fulltrúar kosnir í hverju héraði, aðrir en þing-

menn, til þess að sækja fund á Þingvöllum fyrir Alþingi. Mikill hiti var í mönnum á Þingvallafundinum, og töldu margir, að meiri hluti Alþingis, sá er studdi Jón Sigurðsson, hefði eigi gengið nógu langt í kröfum sínum. „Jón Sigurðsson var á fundinum,“ segir Eiríkur Briem, og leitast við að draga úr ályktunum fundarmanna. Þegar Jón kom aftur ofan í Reykjavík, mætti dr. Jón Hjaltalín honum á götu og sagði við hann: „Sjáðu nú til, þú ert nú búinn að vekja upp þann draug, sem þú getur eigi kveðið niður aftur.“

Jón og fylgismenn hans sóttu á, og Danir hörfuðu smátt og smátt í ný frumvarpsform 1865, 1867, 1869. Það þokaðist hægum skrefum nær óskum Íslendinga, þótt langt væri frá, að þar væri fullnægt fyllstu kröfum landsmanna. En með Stöðulögunum 1871, var rekinn með hnefa konungsvaldsins sá stórdanski slagbrandur fyrir sóknardyr íslenzkra þjóðréttinda, sem ekki skyldi svíkja um framtíð alla. Þar var Ísland ákvarðað óaðskiljanlegur hluti Danaveldis. Árið 1873 var þannig komið, að sá reyndi stjórnmalamaður Jón Sigurðsson sá, að hugir manna voru orðnir svo æstir, að hætta gat stafað af því að ekkert áynnist og þá slegið í bakseglið, landsmenn misst móðinn — eða jafnvel hafizt handa um eitthvað það, er orðið gæti þeim til varanlegs miska. Gekkst hann því fyrir því, að Alþingi 1873 samþykkti að biðja konung að veita landinu stjórnarskrá á næsta ári, þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar, svo líka sem auðið væri þeim óskum, er meirihluti Alþingis hafði sett fram. Árangur þessa varð sá, að konungur staðfesti stjórnarskrá, er fól í sér uppfyllingu mjög margra þeirra óska, sem Jón Sigurðsson hafði borið fram í aldarfjórðungs stjórnmalabaráttu sinni:

Alþingi fékk löggjafarvald og fjárforræði, settur var landshöfðingi, ábyrgur gagnvart Alþingi, fullkominn fjárskilnaður ákveðinn

milli Íslands og Danmerkur og Dönum gert að greiða árlegt gjald í landssjóð Íslands, og þótt það árgjald Dana væri hvergi nærri í samræmi við kröfur Jóns, þá er á hitt að líta, að Ísland bar engan kostnað af stjórn sinni í Kaupinhöfn eða lagði neitt til almennra ríkisþarfa — Hinn „fríði foringi hafði því stýrt „fræknu liði“ þannig, að þar fylgdi „sverði sigur.“

14

Jón bjó þessi ár lengst af í íbúð á annarri hæð á Östervold 8. Þar var samastaður Íslendinga í Höfn, sérstaklega ungra námsmanna, sem fastast fylgdu Jóni í sjálfstæðisbaráttunni og bókstaflega trúðu á hann sem leiðtoga, eins og einn þeirra hefur sagt. Skulu hér nú tilfærð orð tveggja þjóðkunnra manna, sem tilheyrdðu þá „íslenzku hirðinni“, eins og gisti-vinir Jóns og Ingibjargar voru nefndir — þeirra Björns M. Olsens og Indriða Einarssonar.

Björn segir:

„Náin kynni hafði ég ekki af Jóni Sigurðssyni fyrr en ég kom til Kaupmannahafnar sumarið 1872. . . . Jón Sigurðsson var enn í fullu fjöri um þessar mundir og bar ægishjálms yfir alla Íslendinga í Kaupmannahöfn. Við hinir ungu menn trúðum beinlínis á hann og flyktumst undir merki hans með eldmóði æskunnar. . . . Jón sýndi okkur líka einstaka góðvild og hjálpfýsi, ef á lá, og gestrisni hans við Íslendinga var framúrskarandi. Hann hafði opið hús, að mig minnir einu sinni í viku, á miðvikudagskvöldum, ef ég man rétt, og var þá oftast fjölmennt hjá honum af Íslendingum, einkum þó af hinum yngri mönnum. Við komum oftast um klukkan sjö, því að við vissum, að Jón tók sér venjulega hvíld um það leyti dags frá störfum og vann sjaldan eftir þann tíma. Bæði voru þau hjón samvalin í því að fagna gestum.

Minnismerki um
Jón Sigurðsson
við Rafnseyri.



Jón sat oftast við skrifborð sitt, þegar við komum, og var að starfa, lesa eða skrifa, klæddur í langan slopp yztan klæða, með vestið flakandi frá sér, en innan undir vestinu skein í snjóhvíta ermaskyrtu.

Hann stóð upp jafnskjótt og gestirnir komu, fagnaði þeim og bauð þeim til sætis í legubekk, sem stóð við einn vegg stofunnar, og á stólnum kringum ávalt borð, sem stóð fyrir framan legubekkin, enn sjálfur flutti hann skrifborðsstól sinn að öðrum borðsendanum og settist í hann. Var þá skrafað og skeggrætt, þangað til húsfreyja kom inn og bauð mönnum til borðs. Á borðum var alltaf íslenskur matur allskonar og geta Íslendingar, sem í Höfn hafa

verið, getið nærri, hvílíkt sælgæti það þótti, einkum þar sem maturinn var kryddaður með skemmtilegum samræðum og ljúfu viðmóti húsbændanna. Eftir mat gengu menn aftur inn í skrifstofu Jóns og settust eins og áður kringum borðið. Þá voru boðnir vindlar, langir og mjóir, fremur léttir, en bragðgóðir, sérstök tegund, sem Jón alltaf reykti. Síðan var framreitt púns, blandað í könnu, ljúffengt, en fremur veikt, að því er sumum þótti. Tókust þá fjörugar samræður, en hrókur alls fagnaðar var húsbóndinn, hvort sem hann talaði, „eins og sá sem vald hafði,“ um íslensk stjórnsmál, eða miðlaði okkur hinum yngri mönnum af hinum óþrotlegu fjársjóðum þekkingar sinnar í sögu Ís-

lands, bókmenntun þess og málfræði, eða hann kryddaði samtalið með græskulausu gamni. Mér stendur hann enn í dag lifandi fyrir hugskotssjónum, þar sem hann sat fyrir borðsendanum, hallaði sér aftur í skrifborðsstólinn og teygði frá sér fæturna inn undir borðið, með flakandi vesti, í ljómandi hvítri ermaskyrtu og með sloppinn hangandi niður beggja megin við stólinn, með vindil í annarri hendi, en hina höndina oftast í buxnavasanum, með bros á vörum og í hýru skapi.“

„Heimili þeirra hjóna var algerlega íslenzkt,“ segir Indriði Einarsson. „Frúin bauð oftast þannig heim: „Komið þér nú bráðum upp á harðan fisk.“ Að vera boðinn upp á harðan fisk var sama sem að vera boðinn inn til íslenzku hirðarinnar... — Norðmenn voru tíðir gestir í húsi þeirra hjóna; Svíar og Þjóðverjar voru þar í boði, ef þeir voru vinir Íslendinga. Aldrei sá ég þar nokkurn danskan mann. Enginn danskur maður hafði komið í svo mikið vinfengi við frú Ingibjörgu, að honum væri boðið „upp á harðan fisk“. — Líklegast hefði hvorki frúin né fiskurinn fallið þeim í geð.“

Og þannig lýsir svo Björn M. Olsen Jóni á þessum árum:

„Allra manna vænstur þýðir í fornu máli sama sem manna fríðastur. Það mátti með sanni segja um Jón Sigurðsson. Ekki þó svo að skilja, að hann væri það sem menn kalla smáfríður, því að andlitið var fremur stórskorið. En andlitsdrættirnir voru reglulegir, og einkum var allt yfirbragð hans einkennilega hjart og hreint og um leið karlmannlegt. Ennið var hátt og hvelft, og brúnirnar miklar, svo að yfirandlitið minnti nokkuð á sumar forngrískar myndir af Zevs hinum olympska. En það sem einkum einkenndi andlitið og gaf því sérkennilegan fegurðarblæ, var hárið og augun. Hár hans og skegg var ekki grátt eins og það oftast er á gömlum mönnum, heldur hvítt sem mjöll, og

brá af því einkennilegum ljóma á hið karlmannlega andlit. Jeg man ekki eftir Jóni Sigurðssyni öðru vísi, en sem hvíthærðum. Upphaflega var hann dökkur á hár, en hærðist snemma, og efast ég um, að dökkva hárið hafi farið honum jafnvel og hið hvíta. Augun voru móleit, en óvenju snör og tindrandi, hýr og brosleit, ef hann var í góðu skapi, en ef honum var mikið niðri fyrir, mátti segja um hann líkt og Egill segir um Eirík konung, að „ormfránn ennimáni skaut allvalds ægigeislum“, og var þá ekki fyrir smámenni að horfast í augu við hann. Í augunum mátti lesa allt hið einkennilegasta í fari Jóns Sigurðssonar, ljúfmennskuna, glaðlyndið og fjörið, viljaprekið og karlmannslundina, skarpskyggni og dómgreind, hyggindi og viturleik. Jón var gildur meðalmaður á hæð og þrekinn að því skapi, limaður vel, nokkuð lotinn í herðum á efri árum, prúðmannlegur í framgöngu og snyrtimaður í klæðaburði.“

Indriði Einarsson segir:

„Á gangi var „Forseti“ — svo kölluðu Hafnarstúdentar hann, þegar ég var í Höfn, — fjörlegur. Hann gekk hratt, nokkuð boginn í herðum; hnén horfðu inn á við, hvort á móti öðru, en fæturnir voru útskeifir. Hann var fint klæddur, og klæddi sig daglega eins og yngri menn að því leyti, að hann var jafnast í ljósum buxum. Hann hafði ávallt svartan háan silkihatt á höfði, sem frú Ingibjörg kona hans mun aldrei hafa gleymt að hursta nokkurn dag; sá hattur var ævinlega skygður. Úti brúkaði forseti aldrei gleraugu og ég hef aldrei séð hann með gleraugu eða nokkurn sjónauka fyrir augun. Hann var svo líkur admíral Suenson þeim er vann sigurinn við Helgoland — að Íslendingar, sem mættu Suenson tóku hann fyrir Jón Sigurðsson og heilsuðu honum. Ef forseti var í konungsboði, sagði hann, að menn væru að tala

við sig um flotamál. Eini munurinn á útliti þessara tveggja manna var sá, að Jón Sigurðsson var fríðari maður í andliti en admírallinn, en hnén á honum vissu alveg eins mikið inn og á „Forseta“. Báðir höfðu þeir háan svartan silkhatt og drógu jafnmikið niður í hnakkanum.“

Hann var lúxusmaður. Eitt sinn fór hann í verzlun og vildi kaupa regnhlíf. Stúlkan sýndi honum nokkrar regnhlífar. Hann spurði verðs. Þær kostuðu 7—8 kr. stykkið. Forseta fannst það heldur óvirðulegt verð og tæki og vildi fá fimmtán krónu regnhlíf. En hún fékkst ekki og varð hann að láta sér nægja eina, sem kostaði 11 krónur. — Ekki drakk hann heldur portvín, sem var ódýrara en krónu glasið og vindlarnir hans kostuðu frá 25 aurum upp í krónu stykkið,“ segir Indriði.

En í lífi Jóns Sigurðssonar, eins annarra manna skiptust á skin og skuggar. Stundum varð hann fyrir vonbrigðum vegna tómlætis og skilningsleysis landa sinna og varð þeim jafnvel sárreiður — eins og í kláðamálinu, — en þar gekk hann erinda konungs á landi hér óhikað, þá er hann taldi þau henta þjóðinni, — og lét lönd og leið vilja jafnvel náinna vina og samstarfsmanna. Hann var þjóðhollur, Jón Sigurðsson, en ekki lýðskrumari, svo vel sem honum lét þó áróður. Þjóðarhylli vildi hann samt njóta og því voru þau mikil vonbrigðin, sem hann varð fyrir, þá er honum var ekki boðið til þjóðhátíðarinnar á Íslandi 1874. Leynir það sér ekki í ummælum Benedikts Sveinssonar eftir jarðarför Jóns Sigurðssonar:

„Að Íslendingar voru þeir aumingjar, að halda þúsund ára hátíð sína án Jóns Sigurðssonar, þeir buðu honum ekki sem heiðursgesti; þeir buðu ekki þeim manni, án hvers þúsund ára afmæli vort aldrei hefði haldið orðið; þeim manni, sem hefur verið sálin og lífskrafturinn í öllu voru þjóðlífi, og sem hefur kennt oss að sjá, að vér værum menn með mannleg-

um réttindum. Þessum manni var ekki boðið, sem var miðpunktur allrar þjóðhátíðarinnar.“

15

Víst er um það, að upp úr þessu fer að halla undan fæti hjá forseta. Hann taldi stjórnarskrána 1874 að vísu spor í rétta átt, en ekki meira. En vissulega olli það spor þáttaskilum í sjálfstæðisbaráttunni.

Svo hafði þá Jón forseti lokið dagsverki sínu, gifturíkara dagsverki en nokkur annar Íslendingur hafði innt af hendi fyrr og síðar. Kraftar hans voru líka á þrotum. Hann kom til Alþingis hinnt sinn 1877, og var sú för gerð meira af vilja en mætti. En forseti var hann kjörinn enn sem fyrr, þrátt fyrir allt. Hann lifði enn nokkurn tíma, en síðasta árið jafnan sárþjáður, unz hann andaðist 7. desember 1879, 68 ára gamall.

En svo segir frú Ingibjörg Jensdóttir (Sigurðssonar), sem þá var til heimilis hjá Jóni Sigurðssyni föðurbróður sínum frá andláti Jóns, sem hún nefnir „bróður“ eins og venja hafði verið í hennar heimahúsum.

„Þegar „bróðir“ dó, voru þau yfir honum, Þóra Pálsdóttir og Björn, bróðir minn. Ingibjörg hafði lagzt til hvílu á legubekk í næsta herbergi. Var hún búin að vaka svo lengi. Allt fram í andlátið var Jón sannfærður um, að sér myndi batna. Aðrir sáu að hverju bar. Þegar hann var skilinn við, fór Björn fram til Ingibjargar, þar sem hún lá og hvíldi sig í fötunum, og sagði henni, að nú væri allt búið. Hún mælti ekki orð, aðeins hneigði sig, stóð síðan á fætur, afklæddist og lagðist útaf. Hún steig aldrei í fæturna eftir það, dó eftir 9 daga.“

Látnum sýndi hin íslenska þjóð sínum foringja þá virðingu og ástúð, sem henni hafði stundum láðzt að tjá honum lifandi. — Útför

hans var gerð að þjóðhöfðingjahæfi, og lýsir Benedikt Gröndal henni svo:

„Klukkan 10 ½ söfnuðust þeir menn saman hjá Latínuskólanum, sem gengu hátíðisgöngu-una og mynduðu hina eiginlegu líkfylgd; ætlum vér það muni hafa numið fimm hundruð manna. Tólf marskálkar stjórnuðu göngunni; voru það stúdentar læknaskólans og prestaskólans, og voru einkenndir með breiðum axlafetum, hvítum og svörtum. Fremstir gengu skólapiltar, yfir hundrað að tölu; þá kennarar hinna æðri stofnana, bæjarstjórn Reykjavíkur og embættismenn, þá handiðnaðarmenn og margir aðrir. Stór merki blá með fálka og öðrum myndum voru borin á háum stöngum. Þessi langa mannrúna gekk nú fjórskipuð ofan hjá kirkjunni og niður að bryggjuhúsinu, þar sem kisturnar áttu að koma frá skipinu. . . . Bryggjuhúsið var prýtt með grænum sveigum og kröns-um, en á öllum húsum og skipum voru merki dregin upp í hálfa stöng. Fjöldi frakkneskra og danskra herforingja var þar saman kominn, en allt fólkið stóð í kring um pallana, og sást ekki yfir mannfjöldan. Tveir bátar frá „Ingólfi“ drógu náskipið í land, og stóðu nefndarmenn, Helgi Helgason, Björn Olsen, Steingrímur Thorsteinsson og Matthías Jochumsson, við líkisturnar, en á eftir fylgdi söngflokkur frá herskipinu á öðrum bát og lék sorgarlög; en allir menn á öllum herskipunum stóðu á borðstokkunum berhöfðaðir með höfuðföt í hendinni, þegar líkin fóru um sjóinn. Voru kisturnar síðan settar á líkpallana og sungið kvæði Steingríms Thorsteinssonar. Síðar báru skólapiltar líkin í kirkjuna, en urðu oft að hvíla, því að kisturnar voru afar þungar. Þær voru gular að lit með grískum borða, og að öllu leyti eins og tíðkast við konunga og stórhöfðingja; alsettar blómkrönsum og grænum sveigum; á kistu Jóns Sigurðssonar lágu og tvær pálmaviðargreinar, og voru þar silfurskildir

og silfurkransar, sem gefnir höfðu verið ytra (en hér gaf enginn neitt, sem ekki var við að búast).

Dómkirkjan var tjölduð með svörtu klæði og skrýdd grænum sveigum og blómhringum. Við fordyrin beggja megin stóðu hermenn með brúðnum sverðum og sömuleiðis við dyrnar á sakristíinu. — Fyrir kórðyrum eða kórbog- anum voru tveir svartir stöplar, og tuttugu og eitt ljós á hvorum þeirra, en öll kirkjan var ljósum prýdd — það voru um 300 ljós. Kirkjan var alveg full af fólki, og hin íslenzku bláu merki voru borin þar inn og blöktu yfir mannþrönginni.“

—
Ég vil svo ljúka þessu rissi með því að birta kafla úr grein eftir Eirík Briem, sem raunar hefur verið vitnað til í þessu rabbi; en hann veit ég hafa bezt skrifað um Jón Sigurðsson í stuttu máli:

„Jón Sigurðsson hafði marga þá kosti til að bera, er öðrum fremur gjörðu hann hæfan til að koma miklu til leiðar í málefnum Íslands. Hann elskaði ættjörð sína af hjarta og hafði óbifanlegt traust á framförum hennar; jafnframt unni hann einlæglega frelsishugmyndum þeim, er eftir 1830 ruddu sér meir og meir til rúms; þar af leiddi það, að þótt hann kynni flestum öðrum fremur að meta það, sem einkennilegt var í fari Íslendinga, þá lét hann það þó eigi koma sér til að halda fast við það, sem úrelt var orðið, eða aftra sér frá að fylgja fram þeim atriðum alheimsmenntunarinnar, er á Íslandi gátu komið til greina. Hann var einarður maður, er eigi tók það nærri sér að tala jafnan það, er honum bjó í brjósti, en kunni þó vel að stilla orðum sínum. Hann hafði svo ljósa greind, að hann átti hægt að gjöra sér glöggva skoðun um hvert málefni, er honum þótti nokkru skipta, og með óþreytandi elju leitaði hann allra þeirra upplýsinga, er hon-

um gátu að gagni orðið. Hann var svo mikill kjarkmaður, að hann lét aldrei leiðast af for-
tölum annarra til að breyta skoðun sinni, nema
fyllsta ástæða væri til, og hann örvænti aldrei
um sigur sinn og málefni þess, er hann hélt
fram; sparaði hann enga fyrirhöfn til að koma
því áleiðis, en kunni sér þó svo hóf, að hann
fór sjaldan lengra en fært var. Hann ritaði lip-
urt, fjörmikið og kjarnyrt mál; einkum lýsir
þetta sér í hinum fyrstu ritgjörðum hans. Hann
var maður mjög vel máli farinn; rómurinn var
hvellur mjög og áhrifamikill, ef hann talaði
af kappi. Svipur hans og viðmót allt var höfð-
inglegt og bar vott um þann kraft, sem almenn-
ingur metur ætíð mikils, og sem vekur bæði
lotningu og traust, einkum þegar allt líf manns-
ins að öðru leyti sýnir, að hann á það skilið.
Auk þess var hann í viðkynningu svo ljúfur
og göfuglyndur, að hann hlaut að laða menn
að sér, svo að fyrir þá sök gátu þeir leiðzt
til að fylla flokk hans, er annars létu sig mál-
ið litlu skipta. Á hinn bóginn þótti hann eigi
líta ætíð með fullri sanngirni á skoðanir ann-
arra, eða taka ástæður þeirra nægilega til greina.
Stundum varð einnig mein að því, að hann
var eigi nógu kunnugur högum almennings á
Íslandi eða því, hve ólíkt stóð á þar og í öðr-
um löndum í ýmsum efnum. Hann þekkti landið
manna bezt af bókum og skýrslum, en síður af
sjón og reynd, með því að hann ól nærri allan
þroska-aldur sinn erlendis. Einkum hætti hon-
um stundum við að ímynda sér mátt og megin
lands og lýðs fremur eftir því sem mætti vera
eða ætti að vera, heldur en því, sem í raun og
veru var.“

„Hann var hraustur og heilsugóður mestan
hluta ævinnar; en er hann var á Íslandi 1869,

Minnisvarði Jóns Sigurðssonar
í gamla kirkjugarðinum
í Reykjavík.



fór hann að finna til giktar í hægri handleggnum, svo að hann átti erfitt með að skrifa; hann varð þá einnig veikur af steinsótt. Þetta batnaði að vísu aftur, en upp frá því var heilsa hans þó alltaf veik fyrir. Þá er hann var á Alþingi í síðasta sinni 1877, fór þetta mjög í vöxt; fór hann þá og að missa minni og verða eins og utan við sig smám saman meir og meir, eftir því sem lengur leið. Síðasta árið var hann alltaf þungt haldinn, en hafði þó jafnan rænu meir eða minna, þangað til hann dó 7. des. 1879, á 69. aldursári...“ — Lík hans var flutt að heiman 11. s.m. Útför hans var gerð 13. s.m. Voru þar auk Íslendinga mættir margir danskir, m.a. geheimetatzráð Tramp fyrir hönd konungs og M. Nellemann ráðgjafi Íslands, forsetar dönsku þingmanna o.fl. stórmenni. Jóns var víða getið í erlendum blöðum. — Íslendingar í Kaupmannahöfn höfðu skotið saman hátt á sjötta hundrað krónum til að prýða kistuna; á kistunni var

silfurkrans og skjöldur innan í, er grafin voru á þessi orð:

„Jón Sigurðsson
fæddist 17. júní 1811
kvongaðist 4. sept. 1845
dó 7. des. 1879.
Óskabarn Íslands,
sómi þess, sverð og skjöldur.“

Þessi sundurlausu brot úr æviferli Jóns Sigurðssonar eru — eins og lesendur munu sjá — lítt frá mínu brjosti runnin, enda ekki á færi leikmanns að bæta að gagni við það, sem sagnfræðingar og nánir vinir hans eða skjólstæðingar hafa um hann skrifað. Ég hef vísvitandi sneitt hjá að rekja stjórnmálaferil Jóns Sigurðssonar og fræðimennsku, enda frekast haft í huga að tína saman nokkra fróðleiksmola, sem þegar saman koma gefa ef til vill dálitla mynd af *manninum* Jóni Sigurðssyni, einkalífi hans og heimili, og vona ég, að ég hafi ekki rangfært neitt — og að einhverjir kunni að hafa gagn og gaman af þessari dundursiðju minni.